

**Nd.**

**193. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Við Gunnlaugsvík, sunnan megin Hvammsfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið heflr ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk meiri hluta Hörðdæla og að einróma beiðni þingmálafundar fyrir Suðurdali. Frá þessum stað flytja Hörðdælir sláturfje að haustlagi, og er þeim því hin mesta nauðsyn á, að þar sje löggiltur verslunarstaður.